



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 9. mars, 2012

Ákvörðun nr. 4/2012

**Undanþága  
vegna samstarfs í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011**

**I.**

**Erindið og málsmeðferð**

**1.**

Þann 20. febrúar 2012 bárust Samkeppniseftirlitinu tvö bréf frá Landslögum f.h., Samtaka fjármálafyrirtækja (hér eftir SFF) og Dróma hf. þar sem óskað var eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins skv. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Beiðnirnar lúta annars vegar að samstarfi milli fjármálafyrirtækja um endurútreikning á þeim lánum sem hafa að geyma óskuldbindandi ákvæði um gengistryggingu að því leyti sem áhrifa dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 gæti, og hins vegar að samstarfi sömu aðila um dómsmál vegna gengistryggðra lána sem falla undir sama Hæstaréttardóm. Ákveðið var á fundi með málsaðilum að sameina beiðnirnar.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 og frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 breytti Alþingi lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með lögum nr. 151/2010 sem tóku gildi 22. desember 2010. Lagabreytingunum var ætlað að tryggja jafnræði skuldara við endurútreikning ólögmetra gengistryggðra lána m.a. með því að samræma endurútreikning vaxta og kveða á um samræmt vaxtaviðmið lánanna frá öndverðu líkt og um íslensk lán hafi verið að ræða. Með dómi sínum frá 15. febrúar sl. í máli nr. 600/2011 skar Hæstiréttur m.a. úr um að framangreind ákvæði laga nr. 151/2010 geti ekki hagggað þegar greiddum vöxtum enda hafi fullnaðarkvittun verið gefið út fyrir greiðslu þeirra. Slíkt stangist m.a. á við ákvæði stjórnarskrár.

Undanþágubeiðni SFF er meðal annars rökstudd með vísan til þess að framangreindur dómur Hæstaréttar taki eingöngu á því sakarefni er fyrir lá í því tiltekna máli og óvíst hversu víðtæk áhrif hann mun koma til með að hafa. Því sé fjármálafyrirtækjunum nauðugur einn sá kostur að endurskoða þann endurútreikning sem þegar hefur farið fram



á lánum sem höfðu ólögsmæta gengistryggingu, kanna áhrif dómsins á þau og greina þau álitæfni sem nauðsynlegt er að láta reyna á fyrir dómi. Í kjölfarið velja hentugustu málin til þess að bera undir dómstóla og týna til allar þær málsástæður sem reyna þarf á í því skyni að eyða sem fyrst allri réttaróvissu. Í erindi SFF eru færð rök fyrir því að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt í málinu og verða þau rök rakin síðar samhliða nánari umfjöllum um skilyrði 15. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari rökstuðningi og afmörkun samstarfsins frá SFF og barst hún með tölvubréfi, dags. 29. febrúar 2012.

Þess er óskað að undanþágan gildi til ársloka 2012.

## 2.

Með bréfi, dags. 22. febrúar 2012, sendi Samkeppniseftirlitið erindi SFF til umboðsmanns skuldara til umsagnar.

Umsögn umboðsmanns barst með bréfi, dags. 27. s.m., þar sem fram kom að umboðsmaður teldi samstarf aðildarféлага SFF og Dróma til þess fallið að samræma vinnubrögð sem muni mögulega auka jafnræði skuldara sem og að flýta fyrir vinnslu endurútreikninga lána sem nauðsynlegt sé að hraða sem mest má.

Fram kom einnig að umboðsmaður teldi nauðsynlegt að undanþágunni yrði sett skilyrði um aðkomu embættis umboðsmanns skuldara á þann veg að fulltrúi umboðsmanns yrði ávallt viðstaddur samráðsfundi, hafa óheftan aðgang að gögnum sem varða samstarfið og að haldnar verði fundargerðir um efni samráðsfunda og ákvarðanir samstarfsins skráðar með skipulögðum hætti.

## 3.

Þann 29. febrúar 2012 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Hagsmunasamtökum heimilanna (HH) þar sem málaleitan SFF var mótmælt og þess krafist að Samkeppniseftirlitið synjaði um veitingu unganþágunnar.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. mars sl., var HH gefinn kostur á að rökstyðja sjónarmið sín nánar með vísan til lagaraka. Voru HH jafnframt send afrit beiðna SFF og umsagnar umboðsmanns skuldara. Frekari athugasemdir HH bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 6. s. m. Í bréfinu segir að HH telji ljóst að einhliða samráð aðildarféлага SFF við stjórnvöld varðandi viðbrögð við dómi Hæstaréttar sé sannarlega ekki til þess fallið að tryggja ýtrasta rétt neytenda. Ljóst sé að með því að útiloka Neytendastofu, sem hafi það lögbundna hlutverk að gæta hags neytenda af því samráði sem fyrirhugað er skv. neytendalögum, muni neytendum ekki vera tryggð sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af því að komast að sameiginlegri niðurstöðu um fordæmisgildi fyrrgreinds Hæstaréttardóms í skilningi b. liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga. Ítreka HH fyrri kröfu sína um að beiðni SFF verði synjað.

## 4.



Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 1. mars 2012, var erindi HH, dags. 29. febrúar sl., sent SFF og samtökunum gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum vegna málsins. Bárust athugasemdirnar Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 2. mars sl.

Í bréfinu ítreka SFF að lántökum sé það jafnt í hag og lánveitendum að fá leyst úr þessum málum í eitt skipti fyrir öll eins fljótt og auðið er. Dómskerfið sé sá farvegur sem réttarríkið bjóði upp á í þessum efnum. Þá sé tilgangurinn með samræmdum vinnubrögðum sá að tryggja jafnræði meðal skuldara óháð því hvaða fjármálafyrirtæki eigi í hlut.

## **II.**

### **Niðurstaða**

Í máli þessu er til umfjöllunar hvort samstarf aðildarfélaganna SFF og Dróma til að meta áhrif dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og velja álitæfni til þess að bera undir dómstóla af sama tilefni falli undir bann samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samráði. Reynist svo vera verður að meta hvort skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt.

### **1.**

#### **Nánar um fyrirkomulag og efni samráðsins**

Sú undanþágubeiðni sem hér er til skoðunar tekur til samstarfs aðildarfélaganna SFF og Dróma í tilefni dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 um túlkun dómsins, aðferðafræði við endurútreikning þeirra lána sem falla undir dóminn, endurskoðun þeirra endurútreikninga sem þegar hefur farið fram á svipuðum lánnum, könnun áhrifa dómsins á þau, greiningu þeirra álitæfni sem nauðsynlegt er að láta reyna á fyrir dómi og kjölfarið um val hentugustu mála til þess að bera undir dómstóla og týna til allar þær málsástæður sem reyna þarf á í því skyni að eyða sem fyrst allri réttaróvissu.

Skipta má undanþágubeiðninni í tvo meginþætti. Annars vegar samvinnu um framkvæmd endurútreiknings ólögðra lána eða lána sem ber að endurútreikna, sbr. lög nr. 151/2010, og hins vegar samvinnu um undirbúning dómsmála til að minnka lagalega óvissu.

Undir fyrri þáttinn fellur túlkun á því hvaða lánsamningar falli undir dóminn, frá hvaða tímamarki endurreikna skuli samningana og hvernig skuli staðið að framkvæmd þess endurútreiknings, s.s. tímasetning endurútreiknings, skjalagerð og frágangur. Fyrirhugað er að þessum þætti samstarfsins væri sinnt af starfsmönnum fjármálafyrirtækja á viðskiptabankasviða auk lögfræðinga. Hvað seinni þátt samstarfsins varðar stendur til að hann annist sérfræðingar starfandi í fjármálafyrirtækjum og sjálfstætt starfandi lögmenn sem starfað hafa fyrir jafnt lánveitendur sem lántaka. Vinna þessara aðila fælist í því að greina hvaða álitæfni það eru sem eftir standa varðandi framangreind lán sem fá þarf dómnsniðurstöðu í, hvað af þeim álitæfnum eru þegar fyrir dómstólum og hvaða mál þarf að leggja fyrir dómstóla.

SFF hefur áréttað í tölvubréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. febrúar sl., að þátttaka aðildarfélaganna SFF og Dróma í framangreindu samstarfi bindi ekki hendur einstakra aðildarfyrirtækja og þeim sé heimilt að fara aðrar leiðir hvenær sem er.



Þess er óskað að undanþágan gildi til ársloka 2012.

## 2.

### **Bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga**

Í 10. gr. samkeppnislaga er bann lagt við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað, séu bannaðir. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála og önnur viðskiptakjör, skiptingu á mörkuðum og upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa það að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð eða skiptingu markaða. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafa með sér einhvers konar samvinnu um skiptingu markaða, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum.<sup>1</sup> Þannig brýtur það í bága við ákvæðið ef keppinautar t.d. ákveða á fundi að hækka verð sitt. Hvort þessi aðgerð hefur haft þau áhrif í raun að verð hafi hækkað skiptir ekki máli í þessu samhengi enda geta t.d. ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á hvort sú aðgerð takist. Ef samningur felur ekki í sér slíkar augljósar hömlur verður að taka til athugunar hvort slíkar hömlur geti leitt af viðkomandi samningi.

Samningur í skilningi 10. gr. laganna er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.<sup>2</sup>

Um samstilltar aðgerðir getur verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér skv. fyrirfram gerðri áætlun. Við skýringu á því hvað felst í samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir verður að líta til þess grundvallaratriðis að í samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins felst í því að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að

---

<sup>1</sup> Dómstólar EB hafa ítrekað bent á það í dómum sínum við beitingu á banni Rómarsáttmála við m.a. verðsamráði (81. gr.) að ekki sé nauðsynlegt að líta til raunverulegra áhrifa samnings þegar ljóst sé að hann hafi það að markmiði að koma í veg fyrir eða raska samkeppni, sbr. t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 56 og 58/64 *Consten and Grundig v Commission* [1966] ECR 299. Undirréttur EB hefur nýlega orðað þetta svo: „According to consistent case-law ... there is no need to take account of the concrete effects of an agreement when it has as its object the prevention, restriction or distortion of competition ... There is therefore no need to examine the arguments of the parties concerning the concrete effects of the measure in question.“ Dómur frá 21. október 2003 í máli nr. T-368/00.

<sup>2</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 48/69 *ICI v. Commission* [1972] ECR 619.



ákveða sjálfstætt hvernig það ætlar að hegða sér á markaði, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 *Ker hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*.<sup>3</sup> Þessi krafa um sjálfstæði bannar ekki að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaðnum. Hún bannar hins vegar hvers konar samskipti milli keppinauta sem hafa það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinautar á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætlar að grípa til eða hugleiðir að grípa til á markaðnum.<sup>4</sup> Ganga verður út frá því að fyrirtæki sem starfa á markaði og taka þátt í samstilltum aðgerðum, t.d. viðræðum um hugsanlegar verðbreytingar, hafi hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í slíkum viðræðum þegar þau taka ákvarðanir um eigin aðgerðir á markaðnum, nema að viðkomandi fyrirtæki geti sannað annað.<sup>5</sup> Eins og áður sagði er ekki skilyrði að sýnt sé fram á að þessi hegðun á markaði hafi í raun haft skaðleg áhrif á samkeppni.<sup>6</sup>

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „*sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...*“. Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr.

### 3.

#### Skilgreining markaðar og minniháttarreglan

SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi og eru aðildarfélög þess 35 talsins.<sup>7</sup> Aðildarfélög þess eru viðskiptabankar, fjárfestingabankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur og kortafélög.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*, er ítarlega fjallað um skilgreiningu á mörkuðum í fjármálaþjónustu, m.a. um markaðinn fyrir viðskiptabankþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, útlán o.fl. Þá var í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2011, *Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf.*, fjallað um markaði fyrir viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og smá fyrirtæki og fyrir bankþjónustu við fyrirtæki. Ekki fæst séð að forsendur þessara markaðsskilgreininga hafi breyst og vísast því nánar til umræddra ákvarðana eftir því sem við á. Ljóst er að minniháttarregla 13. gr. samkeppnislaga getur ekki komið til álita hér. Nægir í því sambandi að nefna að í umræddri ákvörðun nr. 50/2008 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjár nánar tilgreindir viðskiptabankar væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á höfuðborgarsvæðinu og þóttu sterkar vísbendingar um að sú staða væri óbreytt í ákvörðun nr. 33/2011.

<sup>3</sup> Sjá einnig t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 172/80, *Züchner*, [1981] ECR 2021.

<sup>4</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í sameinuðum málum nr. 40 til 48, 50, 54 til 56, 111, 113 og 114/173, *Coöperative Suiker Unie v Commission*, [1975] ECR 1663.

<sup>5</sup> Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92 P *Commission v Anic Partecipazioni* [1999] ECR I-4125.

<sup>6</sup> Sjá t.d. dóm dómstól EB í máli nr. C-199/92P *Hüls AG v. Commission* [1999] 5 C.M.L.R. 1016.

<sup>7</sup> Sjá heimasíðu SFF á: [www.sff.is](http://www.sff.is).



#### 4.

##### **Samstarfið fer gegn 10. gr. samkeppnislaga**

Fyrir liggur í máli þessu að aðildarfélög SFF hafa hug á að stofna til samstarfs á vettvangi SFF í því skyni að greina og túlka dóm Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, áhrif hans á lánasöfn aðildarfélaganna og Dróma og velja álitæfni og málsástæður sem láta þurfi reyna á fyrir dómi og velja hentugustu málin til þess að bera undir dómstóla eins og nánar er fjallað um hér að ofan.

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður ekki horft fram hjá því að heildarskoðun á lánategundum fjármálafyrirtækja þar sem m.a. þarf að skoða lánaskilmála og eftir atvikum lánakjör og bera þau saman við gildandi réttarreglur sem og mögulega kjör og skilmála annarra keppinauta, eru atriði sem keppinautum ber almennt að leysa á sjálfstæðan hátt en ekki í samvinnu hver með öðrum. Öll samvinna keppinauta sem áhrif kann að hafa á túlkun lánasamninga og réttarreglna hefur eðli málsins samkvæmt bein áhrif á niðurstöðu uppgjörs milli málsaðila og þar með endanleg viðskiptakjör þeirra. Sama gildir um samráð keppinauta um kröfugerð og málsástæður er varða svipuð atriði fyrir dómi. Þannig kunna einstakir keppinautar að ganga mislangt í kröfugerð sinni gagnvart viðskiptavinum, óháð skyldu, hvort sem er fyrir dómstólum eða á öðrum vettvangi. Slík samvinna er að sama skapi fallin til þess að hafa áhrif á gerð slíkra viðskiptasamninga/viðskiptaskilmála til framtíðar litið. Hér er því um að ræða atriði sem keppinautar eiga að jafnaði að taka sjálfstæðar ákvarðanir um.

Eins og atvikum er háttað hér verður að telja að samstarf þetta fari í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Kemur því til skoðunar hvort ákvæði 15. gr. samkeppnislaga eigi við í málinu.

#### 5.

##### **Undanþáguheimild 15. gr. samkeppnislaga**

Á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efling tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu.

Uppfylla verður öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga þannig að til álita komi að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Rétt er að hafa í huga að almennt er litið svo á að viðkomandi fyrirtæki verði að sýna fram á að umrædd skilyrði séu uppfyllt, sbr.



úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2009 *Valitor hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Að meginstefnu til verður undanþága því aðeins veitt að hún geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði laganna. Með hliðsjón af mikilvægi samkeppnislaga, sem ætlað er að vernda og efla samkeppni og stuðla með því að aukinni framleiðni og hagræðingu og efnahagslegum vexti, er ljóst að setja verður ströng skilyrði fyrir því að veita undanþágu frá mikilvægustu reglum 10. gr. laganna. Að öðrum kosti gætu samkeppnishömlur, sem felast t.d. í verðsamráði, valdið neytendum og þjóðfélaginu í heild miklum skaða.

Svo að til greina komi að veita undanþágu á grundvelli 15. gr. verða öll skilyrði ákvæðisins að vera uppfyllt. Verður nú farið yfir hvort samstarfið teljist fullnægja framangreindum skilyrðum.

Varðandi mat á því hvort veita beri undanþágu í þessu máli ber fyrst og fremst að líta til þess að fjármálastarfsemi gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslífi hvers lands. Hún gegnir afgerandi hlutverki fyrir starfsemi á öðrum mörkuðum og í efnahagskerfinu í heild. Fjármálastarfsemi stuðlar að og örvar viðskipti með vörur og þjónustu sem á að leiða til lægri viðskiptakostnaðar til hagsældar fyrir þjóðfélagið. Þess vegna er grundvallaratriði að samkeppni sé virk á fjármáلامarkaði og að markaðurinn sé eins skilvirkur og mögulegt er. Skortur á samkeppni í þjónustu fjármálafyrirtækja skaðar atvinnulífið og neytendur sem kemur fram í háu verðlagi, skorti á nýjungum og annari óskilvirkni á markaðnum. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga að rökstutt hefur verið að virk samkeppni stuðlar að hraðari endurreisn atvinnulífsins en samkeppnishömlur framlengja efnahagsörðugleika, sbr. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*. Sömu sjónarmið hafa komið fram á alþjóðavettvangi.<sup>8</sup> Einnig er ljóst að efnahagsþrengingar geta skapað aukna hættu á alvarlegum samkeppnishömlum.<sup>9</sup> Í þessu ljósi er afar mikilvægt að sem mest samkeppni ríki á mikilvægum mörkuðum eins og t.d. fjármáلامarkaður er. Því ber ekki að veita undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga nema sérstaklega brýnir almannahagsmunir krefjist þess.

SFF halda því fram í beiðni sinni að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Í bréfi þeirra er lögð áhersla á vilja löggjafans til þess að samræma endurútreikning hinna ólögmgætu gengistryggðu lána þannig að jafnræðis sé gætt milli skuldara óháð því hver lánveitandinn er. Var þetta m.a. eitt af meginmarkmiðum laga nr. 151/2011. Þessu til viðbótar er ítrekað að óvissa um umfang og uppgjör þeirra lána sem hér um ræðir tefur

---

<sup>8</sup> Sjá t.d. ræðu Angel Gurría framkvæmdastjóra OECD 19. febrúar 2009: *„Governments must resist protectionism and keep markets open to competition as they seek ways to get their economies going again ... the vital role of competition in increasing productivity and economic performance ... Robust competition policy is essential to prevent long-run harm when economic conditions stabilize ...”*. Sjá einnig ræðu Neelie Kroes yfirmann samkeppnismála hjá ESB, 17. mars 2009: *„Competitive markets are by definition hard work but they offer the best chance of the best recovery. ... We need to have open access to the markets, so that those who see the opportunities in the midst of the crisis can grow and deliver the jobs that we need to get out of it.”*

<sup>9</sup> Sjá hér t.d. Andreas Stephan, Center for Competition Policy Newsletter, febrúar 2009, *Will the Recession Make Cartels More Likely and Cartel Enforcement More Difficult? „Economic downturns might also influence businessmen’s normative perceptions of cartel laws. When faced with the prospect of losing one’s job or becoming insolvent, the range of options or strategies for increasing a firm’s performance may become wider. Individuals who would normally consider price fixing to be objectionable (and thus not consider it as an option) might in desperate times put any ethical objections aside.”*



endurskipulagningu á skuldum heimila og fyrirtækja. Því er sé það hagur allra að úr þeirri óvissu sem dómur Hæstaréttar hefur skapað sé leyst hið fyrsta. Með þessu telja SFF og Drómi að skilyrðum a. og b. liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga sé mætt.

Að sama skapi hafa SFF fært fram þau rök að samstarfið lúti aðeins að skilmálum þeirra lána sem dómur Hæstaréttar tekur til og samstarfið leggi hvorki höft né takmarki sjálfstæði aðildarféлага SFF og Dróma né veiti færi á að takmarka samkeppni þeirra á milli. Samstarfið muni því ekki á nokkurn hátt hafa áhrif á samkeppni fjármálafyrirtækja til framtíðar litið eða umfram það að leysa úr álitafnum tengdum dómi Hæstaréttar frá 15 febrúar sl. í máli nr. 600/2011.

Ljóst er að réttaróvissa hefur skapast í þjóðfélaginu í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 um endurútreikning lána sem fjármálafyrirtækin veittur lántakendum í erlendri mynt og getur Samkeppniseftirlitið því tekið undir nauðsyn þess að úr þeim verði skorið sem allra fyrst og með sem skilvirkustum hætti án þess þó að réttarstaða skuldara, neytandans, skerðist að nokkru leyti. Slíkt sé öllum jafnt í hag, lántakendum, fjármálafyrirtækjum og efnahagslífinu í heild. Eins og Samkeppniseftirlitið hefur áður bent á er mikilvægt að endurskipulagningu skulda fyrirtækja sé hraðað. Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið lagt áherslu á að endurskipulagningin sé með þeim hætti að fyrirtæki hafi afl til þess að keppa. Engum sé til góðs að stofnað sé til yfirskuldsettra fyrirtækja sem ekki geti beitt sér í samkeppninni<sup>10</sup>. Sömu sjónarmið eiga að breyttu breytanda við um einstaklinga og heimili, því kaupgeta þeirra skapar eftirspurn gagnvart fyrirtækjum og örvar samkeppni.

Eins og á stendur í máli þessu telur Samkeppniseftirlitið því margvísleg rök hníga að því að uppfyllt séu skilyrði stafliða 15. gr. samkeppnislaga, enda verði samstarfinu sett ítarleg skilyrði. Þannig verði samstarfið skýrt afmarkað að efninu til og tryggt að samstarfið hafi ekki áhrif á samkeppni fjármálafyrirtækja til framtíðar litið eða umfram þau álitafni sem tengjast áhrifum dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011. Samstarfið leggi þannig engin höft á samstarfsaðila að gera betur við viðskiptavinum sína en keppinautarnir og hefti ekki sjálfstæði þeirra að öðru leyti. Um fyrri fordæmi fyrir skilyrðum að þessu tagi er m.a. vísa til ákvörðunar nr. 10/2011, Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun.

Í skilyrðunum er umrætt samstarf afmarkað með þeim hætti að eingöngu fjármálafyrirtækjum sem veitt hafa útlán sem fallið geta undir fyrrgreindan dóm Hæstaréttar er veitt heimild til samstarfs á grundvelli undanþágunnar en ekki samtökum þessara fyrirtækja eða öðrum fag- og hagsmunasamtökum. Þá ber hverju þessara fyrirtækja að skipa fastan fulltrúa sem sinnir samstarfinu fyrir þeirra hönd. Jafnframt skal skrásetja samstarfið og halda gögn um fundi og ákvarðanir. Er með þessum skilyrðum komið í veg fyrir hættuna á því að samstarfið leiði til víðtækara samráðs í skilningi d-liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga.

---

<sup>10</sup> Sjá t.d. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrún*.





Ennfremur er samstarfsaðilum óheimilt að funda nema að viðstöddum fulltrúa umboðsmanns skuldara og er fulltrúum Neytendastofu og talsmanns neytenda einnig gert mögulegt að taka þátt í fundunum. Með þessu er leitast við að tryggja að eðlilegra hagsmuna lánþega sé gætt auk þess að þátttaka þessara aðila dregur úr hættu á því að samstarfið lúti að öðrum þáttum en þeim sem undanþágan heimilar. Í því skyni að tryggja neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af samstarfinu hlýst eru þau skilyrði sett til viðbótar að samstarfið bindi ekki hendur einstakra lánveitenda til þess að veita viðskiptavinum sínum betri kjör auk þess sem samstarfsaðilum er bannað að krefjast málskostnaðar í dómsmálum sem höfðuð verða í kjölfar samvinnunnar og að ekki verði leitað fullnustu fyrir þeim kröfum sem falla undir dóm Hæstaréttar í máli nr. 60/2011 meðan á samstarfinu stendur. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að með þessum skilyrðum, til viðbótar þeim augljósu hagsmunum sem skuldara hafa af því að flýta úrvinnslu þessara mála, sé kröfum a, b og c-liðar 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga mætt. Ofangreindum skilyrðum er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif samstarfsins á samkeppni og er tillit tekið til þeirra umsagna sem Samkeppniseftirlitinu bárust í málinu bæði frá umboðsmanni skuldara og Hagsmunasamtökum heimilanna.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Samtökum fjármálafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna og Dróma hf. heimild til samstarfs í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011. Heimildin tekur til samstarfs um eftirfarandi:**

- a) túlkun dómsins;
- b) aðferðir við endurútreikning á þeim lánum sem hafa að geyma óskuldbindandi ákvæði um gengistryggingu og dómur Hæstaréttar tekur til;
- c) endurskoða þá endurútreikninga sem þegar hefur farið fram á framangreindum lánum og kanna áhrif dómsins á þau;
- d) greiningu þeirra álitaefna sem nauðsynlegt er að láta reyna á fyrir dómi;
- e) val á málum sem hentugust eru til þess að bera undir dómstóla með álitaefni skv. d-lið í huga;
- f) val á málsástæðum sem reyna þarf á í dómsmálum skv. e-lið því skyni að eyða sem fyrst allri réttaróvissu.

**Heimildin er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

#### 1. gr.

Fyrirtækjum sem aðild eiga að samstarfi þessu er einungis heimilt að eiga með sér samstarf eða funda á grundvelli undanþágunnar en í því felst ekki heimild til nánara samráðs um verð og viðskiptakjör en kveðið er á um í undanþágu þessari. Öll upplýsingaskipti og samstarf undanþáguaðila umfram þann tilgang sem afmarkaður er í ákvörðun þessari er óheimilt.



Óheimilt er með samstarfinu að takmarka rétt einstakra aðila samstarfsins til þess að gera samninga við viðskiptamenn sína sem ganga lengra en keppinautann og eru neytendum meira í hag.

#### 2. gr.

Halda skal skýrar fundargerðir um fundi sem haldnir eru vegna samstarfsins. Þá skal haldið til haga yfirliti yfir öll gögn sem lögð eru fram á fundum eða verða til vegna samstarfsins.

Fjármálafyrirtæki sem aðild eiga að undanþágu þessari skulu tilnefna fastan fulltrúa sem sinnir samstarfinu og situr fundi fyrir þeirra hönd og er ábyrgur fyrir því að ákvæðum ákvörðunar þessarar sé fylgt hvívetna. Skal hann undirrita yfirlýsingu um að hann virði ákvörðun þessa og bann við samkeppnishamlandi samráði.

#### 3. gr.

Aðildarfélögum SFF og Dróma er einungis heimilt að eiga með sér samstarf eða fundi að viðstöddum fulltrúa umboðsmanns skuldara. Skal fulltrúi umboðsmanns hafa aðgang að öllum gögnum sem verða til vegna samstarfsins.

Leiti Neytendastofa eða talsmaður neytenda eftir þátttöku í samstarfi þessu skulu þau fá að njóta sömu stöðu og umboðsmaður skuldara.

#### 4. gr.

Skulu aðildarfélög SFF og Drómi grípa til ráðstafana í því skyni að tryggja að fulltrúar þeirra sem taka þátt í samstarfinu fari að skilyrðum þeim sem fram koma í þessari ákvörðun, sbr. einnig 10. gr. samkeppnislaga.

Hvert fjármálafyrirtæki fyrir sig skal upplýsa Samkeppniseftirlitið innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á grundvelli þessa skilyrðis.

#### 5. gr.

Fjármálafyrirtækin skulu ekki krefjast málskostnaðar í kröfugerð sinni á hendur skuldurum í þeim dómsmálum sem höfðuð verða í kjölfar samstarfs á grundvelli undanþágu þessarar. Leitast skal eftir því sem við verður komið að stefna þeim skuldurum sem að mati umboðsmanns skuldara eru hvað best til þess fallnir að halda uppi vörnum í slíku dómsmáli.

#### 6. gr.

Á meðan samstarf fer fram á grundvelli undanþágu þessarar skulu lánveitendur sem aðild eiga að samstarfinu fresta öllum fullnustuaðgerðum sem byggja á lánum sem ljóst er að falli undir dóm Hæstaréttar í máli nr. 600/2011.



**7. gr.**

**Undanþága þessi gildir til ársloka 2012. Skulu aðilar samstarfsins láta samstundis af samvinnunni þegar undanþágan rennur út. Við lok frestsins skal skila Samkeppniseftirlitinu greinargerð um framkvæmd samkomulagsins og hvernig því er lokið gagnvart fyrirtækjum sem undanþága þessi lýtur að.**

**8. gr.**

**Undanþága þessi veitir ekki öðrum aðilum en fjármálafyrirtækjum sem stunda útlánastarfsemi eða stunduðu slíka starfsemi fyrir bankahrúnið 2008 rétt til samstarfs sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.**

**Undanþágan veitir ekki samtökum ofangreindra fyrirtækja heimild til samstarfs sem brýtur í bága við ákvæði 12. eða 10. gr. samkeppnislaga. Þó er þeim heimilt að útvega fundarritara og aðstöðu.**

**9. gr.**

**Komi til þess að gera þurfi frekari breytingar á samstarfinu skal það borið fyrirfram undir Samkeppniseftirlitið.**

**10. gr.**

**Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að óska upplýsinga á hvaða tímapunkti sem er vegna veittrar undanþágu.**

**Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum skv. samkeppnislögum."**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson